

Verkefnislýsing: Kynningarplagat (Veggspjald)

Markmið verkefnisins

Nemendur búa til kynningarplagat (veggspjald) sem kynnir lokaverkefni þeirra á faglegan og myndrænan hátt. Plagatið er kynnt á lokaverkefnisdegi á opnu húsi þar sem nemendur tjá sig um verkefnið og svara spurningum.

Efni plagatsins – lágmarkskröfur

- Titill lokaverkefnis
- Nafn nemanda / nemenda og leiðsagnarkennara
- Rannsóknarspurning eða lykilspurning verkefnisins
- Stutt samantekt á bakgrunni og tilgangi verkefnisins
- Helstu niðurstöður eða lykilatriði
- Myndir, töflur eða gröf eftir því sem við á

Útlit og frágangur

- Plagatið skal vera á rafrænu formi og búið til í tölvuforrit (t.d. Canva, PowerPoint, Adobe Express eða sambærilegt).
- Mælt er með A3 og hægt er að prenta plagatið í VMA
- Gæta skal að læsilegum leturstærðum, skýrri uppbyggingu og faglegri framsetningu.
- Nota má myndir, gröf og myndrænar útskýringar til að gera efnið aðgengilegt.

Notkun gervigreindar

Nemendum er heimilt að nota gervigreind (t.d. til að mynda bakgrunn, hjálpa við framsetningu eða útlit) við gerð plagatsins. Ef gervigreind er notuð þarf það að koma skýrt fram á plagatinu – t.d. í horni þess eða í neðanmálsgrein.

Dæmi: "Plagatið var búið til með aðstoð gervigreindar (Canva AI / ChatGPT / annað)."

Framsetning á Lokaverkefnisdegi

- Nemendur standa við plagat sitt á opnu húsi og kynna það fyrir gesti.
- Búast þarf við spurningum frá kennurum, leiðsagnarkennara og samnemendum.
- Kynningin er hluti af námsmatsþætti: Kynning, vörn og þátttaka (30%).

Skil

Lokaskil plagatsskráar: 6. maí 2026 (hlaðið upp á Moodle)

Lokaverkefnisdagur: 8. maí 2026 – Opið hús gangur við M01

Mat

Plagatið er metið sem hluti af námsmatsþætti Kynning, vörn og þátttaka (samtals 30% af lokaeinkunn). Matið tekur mið af eftirfarandi:

- Fagleg framsetning og skýrleiki
- Tengsl við lokaverkefnið
- Myndræn útfærsla og útlit
- Frammistaða á Lokaverkefnisdegi

Allir námsmatskvarðar liggja fyrir á vef áfangans á Moodle.